

## AUGLÝSING

50

30. marz

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hellissands, nr. 2 2. jan. 1953.

### 1. gr.

10. gr. orðist svo:

Af öllum íbúðarhúsum í Hellissandskaupþúni, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt, kr. 365.00 á ári og 1% af fasteignamati húsa. Auk þess skal greiða kr. 200.00 á ári fyrir hverja íbúð, sem búð er í umfram eina í hverju húsi.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða sem hér segir:

- a. Af hverri smálest af innvegnum fiski í fiskiðjuver kr. 2.00.
- b. Af tonni af mjöli í verksmiðju kr. 8.00.
- c. Af kælivatni vegna véla samkv. vatnsmæli kr. 0.90 á tunnu af fyrstu 1000 tn., en kr. 0.50 á tonn eftir það.
- d. Fyrir saltfiskþvott kr. 0.50 á smálest hverja af fiski.

Fyrir önnur vatnsafnot, svo sem í sláturhús, beitingahús o. fl., skal greiða gjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. marz 1955.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð Árna Sveinssonar, útgefin 51  
á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 6. apríl 1955. 6. apríl  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjafasjóð Árna Sveinssonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Gjafasjóður Árna Sveinssonar, og er stofnaður af Árna Sveinsyni frá Mælifellsá, í tilefni af og í minningu um góð kynni hans af Svinvetningum.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 6000.00 — sex þúsund krónur —, sem gefnar eru af stofnandanum. Hann skal jafnan ávaxtaður í tryggri peningastofnun. Heimilt skal þó að fela Búnaðarfélagi Svinavatnshrepps ávöxtun hans, enda greiði það þá 1% hærri vexti af upphæðinni, en almennir innlánsvextir bankanna eru hverju sinni. Jafnan skal leitast við að vextir séu a. m. k. 6%.